

Klapparstígur 31 - (fsp) Uppsetningu á grindverki og hliði - USK24060222

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. ágúst 2024 var lögð fram fyrirspurn Mjúk Iceland ehf., dags. 16. júní 2024, um að setja grindverk og hlið á milli húsanna á lóðum nr. 29 og 31 við Klapparstíg.



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Klapparstíg 31 borgarluta 2 Miðborg og er á skilgreindu miðsvæði M1a.

Deiliskipulag: Í gildi deiliskipulag, samþykkt 25. mars 2003, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að setja upp girðingu og hlið til þess að girða af port á milli Klapparstígs 31 og Klapparstígs 29. Í þeim tilgangi að tryggja öryggi fólks, koma í veg fyrir skemmdarverk og sóðaskap auk þess að gera falleg útilistaverk og blóm.


Í deiliskipulagi er kvöð um aðkomu slökkviliðs á milli húsanna að Klapparstíg 31 og Klapparstíg 29. Vegna þess er ekki mælt með því að heimila uppsetningu hliðs við lóðarmörk Klapparstígs 31 í þeim tilgangi að girða portið af.

Með fyrirspurn fylgir afstaða slökkviliðs dags. 8 maí 2024, í henni segir:

Komi fyrirspurn til byggingarfulltrúa inn á borð slökkviliðs þá verði tekið jákvætt í að setja hlið í sundið, með eftirfarandi fyrirvara:

- *Sjást þarf í gegnum lokunina og læsingabúnað þarf að vera hægt að klippa eða skera með búnaði slökkviliðs.*

Í deiliskipulagsbreytingu dags. 22. október 2015 eru voru lóðirnar að Laugavegir 23 og Klapparstíg 31 sameinaðar. Á sameinaðri lóð er fjallað um að þarna í gegn sé göngugata og aðkoma slökkviliðs. Á lóðaupprætti dags. 6. október 2017 er **kvöð um göngutengls og aðkomu slökkviliðs** í gegnum lóðina að Klapparstíg 31. Í dag er ekki hægt að ganga þarna í gegn en í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að heimilað sé að rífa skemmu á baklóð Laugavegs 23. Í skilmálum deiliskipulags er heimilt að loka fyrir aðgengi á næturnar en mikilvægt er að hlið byrgi ekki sýn inn á reitinn. Aðkoman skal vera opin á daginn.



Mikilvægt er að hliðið opnist ekki út yfir gangstétt, eingöngu er hægt að heimila rennihlið. Einnig þarf að skoða hönnun hliðsins þar sem að á teikningum er hliðið oddhvasst en það kann að ógna öryggi vegfarenda.

Bent er á að ekki er heimilt að leggja bílum í portinu.

Niðurstaða

- ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að koma fyrir hliði sem lokað verður á kvöldin og næturnar. Endurskoða þarf hönnun hliðsins þegar sótt er um byggingarleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar, verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.